Reglugerð nr. 22.2 um tæknikerfi og úrslitavinnslu FRÍ

Eftirfarandi reglur gilda um mót sem haldin eru á vegum og í nafni FRÍ, þ.m.t. Meistaramót Íslands, alla hluta, innan- og utanhúss, og Bikarkeppnir báðar/allar deildir og aldursflokka. Um framkvæmd móta utan valla gilda reglugerðir þar um.
Mótshaldari er skv. reglum þessum sambandsaðili FRÍ, sem hefur tekið að sér framkvæmd móts í samræmi við reglur þessar.
Reglugerð þessi kveður á um notkun tæknikerfa við framkvæmd íþróttamóta og hlaupa á vegum FRÍ og aðildarfélaga og skil á úrslitum í afrekaskrá sambandsins.

1. gr. - Mótakerfi

Öll frjálsíþróttamót á vegum FRÍ og aðildarfélaga eru framkvæmd í Roster Athletics hugbúnaðinum, sem FRÍ veitir félögum aðgang að. Kerfið heldur utanum keppendur og öll úrslit og skilar þeim í afrekaskrá, eftir staðfestingu skrifstofu.

2. gr. - Úrslitaskil

Úrslitum úr götuhlaupum sem ekki eru framkvæmd með Roster skal skilað til skrifstofu FRÍ á þar til gerðu sniði innan 48 klukkustunda frá lokum viðburðar.

Skrifstofa FRÍ sér um að úrslitum sé skilað áfram í afrekaskrá sambandsins á afrekaskra.fri.is, sem rekin er af Tilastopaja.

3. gr. - Gæðakröfur

Eingöngu úrslitum sem uppfylla skilyrði World Athletics um framkvæmd eru tekin gild.

Skrifstofa FRÍ ber ábyrgð á að úrslitaskrár séu nákvæmar og uppfyllt séu skilyrði fyrir skráningu á afrekslistann.

4. gr. - Ábyrgð

Mótsstjóri ber ábyrgð á að úrslitum sé skilað til skrifstofu á réttum tíma og á réttu sniði. Skrifstofa FRÍ hefur eftirlit með því að úrslitaskráning sé í samræmi við þessa reglugerð og sér um frágang og skil í afrekaskrá.

5. gr. - Undanþágur

Stjórn FRÍ getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar í sérstökum tilvikum, t.d. vegna tæknilegra vandkvæða.

Saga

1. Reglugerð bætt við á 65. Frjálsíþróttaþingi 2026